

AUGLÝSING

um skipulagsmál í Hafnarfjarðarkaupstað.

Gráhelluhraun, nýtt deiliskipulag.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 10. apríl 2024, nýtt deiliskipulag fyrir Gráhelluhraun. Í deiliskipulaginu felast umbætur á aðgengi að skógræktarsvæðinu í Gráhelluhrauni með skilgreiningu skógargarðs þar sem m.a. er gert ráð fyrir aðskildum göngu- og reiðleiðum.

Deiliskipulagið hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast það þegar gildi.

Hestamannafélagið Sörli, breyting á deiliskipulagsmörkum.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 10. apríl 2024 breytingu á deiliskipulagi fyrir athafnasvæði Sörla sem felur í sér breytingu á mörkum svæðis, en hluti þess verður nú innan nýs deiliskipulags fyrir Gráhelluhraun. Þá er gerð breyting á fyrirkomulagi bílastæða, göngu- og reiðleiða og breyting á lóðarmörkum.

Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Kaldárselsvegur, breyting á deiliskipulagsmörkum.

Bæjarstjórn Hafnarfjarðar samþykkti á fundi sínum 10. apríl 2024 breytingu á skipulagsmörkum fyrir Kaldárselsveg. Deiliskipulagsbreytingin felst í að gerð er breyting á mörkum deiliskipulagsins við gatnamót Kaldárselsvegar. Deiliskipulagsbreytingin hefur hlotið þá meðferð sem skipulagslög nr. 123/2010 mæla fyrir um og öðlast hún þegar gildi.

Hafnarfirði, 8. maí 2024.

Berglind Guðmundsdóttir landslagsarkitekt.

B-deild – Útgáfudagur: 24. maí 2024